

Fundargerð 50. fundar

stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2019, þriðjudaginn 15. janúar kl. 11:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar í Virkisbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gauti Jóhannesson, Baldur Smári Einarsson, Fannar Jónasson og Liv Aase Skarstad. Rebekka Hilmarsdóttir boðaði forföll.

Að auki sat fundinn: Helga Guðrún Jónasdóttir sem einnig ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Veidigjöld til sveitarfélaga - 1701002SU

Gestur fundarins, Róbert Ragnarsson hjá RR ráðgjöf, greinir frá stöðu verkefnisins og næstu aðgerðum.

Róbert gerði stjórn grein fyrir stöðu málsins og rakti hver væru næstu skref. Stjórn er sammála um að vinna áfram að málinu og stefna að því að ljúka gerð reiknilíkans fyrir árslok.

2. Tillaga til aðalfundur um línuvinnun - 1811001SU

Farið yfir stöðu verkefnisins og næstu skref ákveðin. Starfsmaður lagði fram samantekt vegna málsins.

Stjórn sammála um að vinna áfram að málinu, með áherslu á að úttekt geti hafist sem fyrst.

3. Starfsáætlun stjórnar 2019-2020 - 1811003SU

Drög lögð að helstu verkefnum starfstímabilsins 2019-2020. Fjallað var um aukið fjárhagslegt svigrúm í fjárhagsáætlun til aðgerða, bæði hvað aðkeypta þjónustu snertir og í kynningarmál, og ýmsar hugmyndir og leiðir ræddar.


Formanni og starfsmanni falið að vinna áfram að málinu og leggja fram mótaðar tillögur fyrir næsta stjórnarfund.

4. Önnur mál - 1811004SU

Fundi var slitið kl. 12:00




Gauti Jóhannesson




Baldur Smári Einarsson

Rebekka Hilmarsdóttir



Fannar Jónasson



Liv Aase Skarstad